



JÚ VÍST! KRAFTUR Í KALDRANA

Skilaboð íbúapings í Kaldrananeshreppi

Október 2025



Efnisyfirlit

1	Samantekt.....	3	9	Áfangastaður til fyrirmyndar.....	19
2	Inngangur.....	5	9.1	Tækifæri í ferðapjónustu.....	19
3	Forgangsröðun	6	9.2	Heilsutengd ferðapjónusta.....	21
4	Aðstaða til eflingar	7	10	Greiðar leiðir	22
4.1	Íbúðar- og atvinnuhúsnæði.....	7	10.1	Samgöngur	22
4.2	Hesthús	7	10.2	Sýnileiki á netinu	23
5	Ásýnd til sóma.....	8	11	Gjafir lands og sjávar	24
5.1	Ásýnd.....	8	11.1	Landnýting.....	24
5.2	Listaverk	9	11.2	Sjávarútvegur, fiskeldi og fleira	25
5.3	Skjólbelti.....	9	12	Samfélag fyrir öll	26
5.4	Leik- og útivistarsvæði	10	12.1	Samfélagsmiðstöð	26
6	Sjálfbærni til framtíðar	11	12.2	Inngilding og tengsl	27
6.1	Orkumál.....	11	12.3	Sumarhúsaeigendur	28
6.2	Matvælaframleiðsla	12	13	Næsta kynslóð.....	29
7	Heilsa og vellíðan.....	14	13.1	Hvað er gott?.....	29
7.1	Baðmenning	14	13.2	Hvað má bæta?	30
7.2	Heilsuefning.....	15	14	Framtíðin í sjónmáli – 2040	31
8	Sagan er auðlind.....	16	15	Að lokum.....	34
8.1	Sögur, fornleifar og náttúra	16	15.1	Loforð um hlustun	34
8.2	Sýnileiki í netheimum og raunheimum ..	17	15.2	Hugleiðingar	35
8.3	Sýning eða setur.....	18	16	Heimildir	36
8.4	Viðburðir og afþreying tengd sögum	18	17	Viðauki I - umræðuefni	38
			18	Viðauki II - Drangsnestbragurinn	40

Þátttakendur á íbúáþinginu í Kaldrananeshreppi og þau sem aðstoðuðu við framkvæmdina fá kærar þakkir fyrir kraftmikið þing!

Með íbúáþingi sem haldið var á Drangsnesi, helgina 4. – 5. október 2025, hófst þátttaka Kaldrananeshrepps í verkefni Byggðastofnunar, *Brothættar byggðir*. Á þinginu var verkefninu valið heitið *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*.

Hlustað var sérstaklega á raddir grunnskólanema, en fyrir þingið voru þau spurð um hvað þeim finnst gott við að búa í Kaldrananeshreppi og hvað má bæta. Þrír nemendur kynntu þessar niðurstöður á þinginu, sem fram fór í samkomuhúsinu Baldri. Veitingar voru í boði Byggðastofnunar og sá Malarkaffi um góðar veitingar meðan á þinginu stóð og að því loknu reiddi Kvenfélagið Snót fram glæsilegt kaffihlaðborð.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt, í samstarfi við verkefnisstjórn. Myndir sem merktar eru KPH, ásamt myndum á forsiðu, tók Kristján Þ. Halldórsson, hjá Byggðastofnun. Aðrar myndir eru frá ILDI.

Verkefnisstjórn, sem starfa mun í þau fimm ár sem verkefnið stendur, er þannig skipuð: Anna Björg Þórarinsdóttir, fulltrúi íbúa, Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar og formaður stjórnar, Hildur Aradóttir, fulltrúi Kaldrananeshrepps, Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar, Mikael Rafn Steingrímsson, fulltrúi íbúa og Skúli Gautason, fulltrúi Vestfjarðastofu.

Verkefnisstjóri er Valgeir Jens Guðmundsson, starfsmaður Vestfjarðastofu og búsettur á Drangsnesi. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun vegna þessarar samantektar.



1 Samantekt

Íbúáping undir merkjum Brothættra byggða var haldið í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi helgina 4. og 5. okt. 2025. Húsnæðismál í víðum skilningi, bætt ásýnd og aukin nýting heita vatnsins, eru mikilvægustu viðfangsefni samfélagsins í Kaldrananeshreppi til að styrkja stöðu byggðarlagsins til framtíðar. Þannig forgangsroðuðu þátttakendur þeim málefnum sem rædd voru á íbúápinginu. Heiti verkefnisins, *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*, sem valið var á þinginu, endurspeglar þann kraft sem leystist úr læðingi þessa daga, með virkri þátttöku og hugmyndaauðgi íbúa úr þorpi og sveit og á fjölbreyttum aldri.

Fjölmörg mál voru tekin til umræðu á íbúápinginu, í samtals 15 málefnaþópum og mun verða horft til allra málefna við mótun verkefnisáætlunar.

Samkvæmt íbúum er brýnt að auka framboð á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði ásamt rými fyrir sköpun og skrifstofuaðstöðu. Mikill áhugi er á að koma á fót samfélagsaðstöðu fyrir félagsstarf, þar með talið fyrir ungt fólk. Hestús voru líka mörgum ofarlega í huga. Bæta mætti ásýnd m.a. með átaki í viðhaldi húsa, listaverkum og góðum leiksvæðum og gjarnan auka skjólbeltaræktun.

Kallað var eftir hitaveituvæðingu víðar í sveitarfélaginu en nú er og nefndar hugmyndir um sólarorkuver og sjálfbærni. Áhugi er á að bæta aðstöðu við pottana í fjöruborðinu, sem orðnir eru eitt af kennileitum Drangness.

Íbúar sjá ýmis tækifæri í ferðapjónustu og er þar m.a. horft til heilsutengdrar ferðapjónustu sem einnig myndi koma íbúum til góða. Jafnframt er áhugi á að sækja fram í sjávarútvegi og matvælaframleiðslu. Þá var rætt um hvernig efla mætti þekkingu landeigenda á fjölbreyttum möguleikum til nýtingar á landi og öðrum auðlindum.

Í ríkulegri sögu svæðisins felast verðmæti og eru uppi fjölmargar hugmyndir um leiðir til að miðla henni. Huga þarf að ýmsum samgöngubótum og m.a. bæta vetrarpjónustu og merkingar.


Efling samfélagsins, tengsl og inngilding voru þátttakendum ofarlega í huga, til að tengja saman íbúa af öllum þjóðernum, rótgróna jafnt sem aðflutta, þ.m.t. sumarhúsaeigendur.

Fyrir þingið var unnið með börnum í grunnskólanum og aðspurð um hvað er gott við að búa í Kaldrananeshreppi, nefndu þau m.a. náttúru, dýralíf og frelsi og að allir séu vinir. En þau eiga sér óskir um betri leikaðstöðu og „meira stuð fyrir krakka, fyrir utan skólalóðina“, hærra þjónustustig í verslun og „fleiri hús fyrir fleira fólk“. Nokkrir nemendur kynntu þessar hugmyndir á þinginu.

Með íbúápinginu hófst formleg þátttaka íbúa Kaldrananeshrepps í verkefninu *Brothættrar byggðir* og er þetta sextánda byggðarlagið þar sem unnið er eftir þessu verklagi Byggðastofnunar. Vel var mætt til þingsins og lék veðrið við gesti, en um 40 íbúar á breiðum aldri tóku þátt á þinginu þessa tvo daga auk fulltrúa frá Byggðastofnun og Vestfjarðastofu.

Þinginu stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI. Að verkefninu standa, auk Byggðastofnunar, Kaldrananeshreppur, Vestfjarðastofa og íbúar í Kaldrananeshreppi og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Valgeir Jens Guðmundsson hefur tekið til starfa sem verkefnisstjóri.

Unnið er að mótun verkefnisáætlunar sem mun gilda til loka árs 2030 en hún mun m.a. byggja á skilaboðum íbúapingsins. Markmiðið með áætluninni og þeim skrefum sem stigin verða í framhaldinu er að stuðla að framförum og sókn í Kaldrananeshreppi, þar sem byggt er á auðlindum svæðisins og þá ekki síst á mannauði, þekkingu og væntumþykju íbúa, sumarhúsaeigenda og gesta. Þannig verður „Krafturinn í Kaldana“ virkjaður og má hnykkja á því með vísun í umræður á þinginu og heiti verkefnisins: „Jú, víst!“.



2 Inngangur

Þegar byggðarlag stendur höllum fæti er ekki alltaf augljóst hvað er til ráða, til að skapa viðspyrnu. Verklag Byggðastofnunar, *Brothættar byggðir (BB)* var þróað til að bregðast við viðvarandi fólksfækkun með því að taka höndum saman við viðkomandi sveitarfélag, landshlutasamtök á svæðinu og síðast en ekki síst íbúana sjálfa. Fulltrúar þessara aðila skipa verkefnisstjórn á hverjum stað. Aðferðinni var fyrst beitt árið 2012 á Raufarhöfn og er Kaldrananeshreppur sextánda byggðarlagið sem fer inn í verkefnið, sem nú er aðgerð C.2. á byggðaaætlun.

Í verkefnislýsingu segir m.a. um meginmarkmið verkefnisins *Brothættar byggðir*: „...Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“¹

Þessi áhersla endurspeglar í því að hvert verkefni hefst með tveggja daga íbúaþingi. Verkefnisáætlun, sem byggir á skilaboðum þingsins og forsendugreiningu, er lögð fyrir íbúa og síðan boðið til íbúafundar á hverju ári, á líftíma verkefnisins, sem í Kaldrananeshreppi verða fimm ár.

Boðið var til íbúaþings helgina 4. – 5. október 2025, í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi og þangað mættu um 40 manns, auk fulltrúa þeirra sem standa að verkefninu. Við setningu þingsins, sagði Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar frá verkefninu og lagði áherslu á mikilvægi virkrar þátttöku íbúa jafnt og þétt í gegnum verkefnið í byggðarlaginu.

Fyrirkomulag íbúaþinga í verkefnunum í *Brothættum byggðum*, byggir á aðferð sem kallast „Opið rými“ – Open Space Technology² (OST) og þar ráða þátttakendur ferðinni og geta stungið upp á umræðuefnum sem þau telja mikilvæg fyrir samfélagið. Strax í upphafi leystist mikill kraftur úr læðingi og skemmst frá því að segja að slegið var met í fjölda málefna sem stungið var upp á, þegar horft er til allra þinga í BB verkefnum til þessa, eða 54!

Á þinginu störfuðu fimmtán hópar og tók hver hópur fyrir nokkur málefni, til að ná að fjalla um allt sem stungið var upp á. Yfirleitt störfuðu þrír hópar í einu, í u.þ.b. klukkustund. Í OST fundiforminu, gildir „lög málið um tvo fætur“ og því geta þátttakendur flutt sig milli hópa, eftir þörfum og áhuga.

Fyrir þingið var unnið með börnum í grunnskólanum og þau spurð um hvað þeim finnst gott við að búa í Kaldrananeshreppi og hvað má bæta. Þrír nemendur kynntu afrakstur þess samtals á þinginu.

Áður en þinginu lauk var horft til framtíðar og þátttakendum boðið í ferðalag, 15 ár fram í tímann. Þannig varð til sýn íbúa á byggð, umhverfi og mannlíf í Kaldrananeshreppi árið 2040. Þá var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi og verkefninu valið nafnið *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*. Þinginu lauk svo með glæsibrag þegar Kvenfélagið Snót bar fram myndarlegt kaffihlaðborð og viðstödd risu á fæstur og sungu „þjóðsöng“ Kaldrananeshrepps, Drangsnesbraginn, en hann má finna á blaðsíðum 9, 12, 13 og 16 og í heild sinni í viðauka II.

Samantekt þessi byggir á gögnum frá hópum og þar sem hver hópur ræddi um mörg mál, hefst hver kafli með lista yfir málefni sem tekin voru til skoðunar hverju sinni. Þau er einnig að finna í heild sinni í viðauka I. Í nokkrum tilvikum vísuðu þátttakendur á ákveðna einstaklinga í tengslum við verkefni. Þau nöfn koma ekki fram í samantektinni en hefur verið haldið til haga í minnisblaði fyrir verkefnisstjórn og -stjóra. Hugmyndir um næstu skref, við hluta af málefnum, eru frá umræðuhópum.

¹ Byggðastofnun (e.d.)

² Open Space World (e.d.)

3 Forgangsröðun

Þegar afrakstur umræðuhópa lá fyrir og skilaboð þeirra allra höfðu verið slegin inn í tölvu, prentuð út og sett upp á vegg, voru þátttakendur beðnir um að raða þeim eftir mikilvægi. Hver og einn fékk 10 límmiðapunkta til að ráðstafa að vild. Mikilvægt er að nefna að ekki er um atkvæðagreiðslu að ræða, heldur gefa niðurstöðurnar aðeins vísbendingu um áherslur þeirra sem eru á staðnum þegar forgangsröðunin fer fram.

Sjá má niðurstöður forgangsröðunarinnar á myndinni.

Það sem er mikilvægast til að Kaldrananeshreppur geti sótt fram, er aukið framboð á *Húsnæði*, samkvæmt þátttakendum, sem gáfu því málefni 43 punkta. Þar var rætt um íbúðar- og atvinnuhúsnæði, sköpunarrými, samfélagsmiðstöð og hesthús.

Næst þar á eftir er svo *Ásýnd þorpsins/hreppsins*, með 33 punkta og þar m.a. vísað til verkefna sem snúa að sveitarfélaginu og íbúunum sjálfum, s.s. gangstéttir, viðhald húsa, listaverk og leik- og útisvæði.

Heita vatnið og nýting þess hlaut 32 punkta og t.d. rætt um frekari hitaveituvæðingu og þróun á heitu pottunum á Drangnesi.

Viðfangsefnið *Heilsa*, er fjórða á listanum, með 27 punkta og þar fjallað um heilsuefningu fyrir heimamenn og gesti.


Saga svæðisins, hugmyndir um leiðir til að miðla sögu og sögnum svæðisins, er með 24 punkta og 5. málefnið röðinni.

Ferðapjónusta raðast efst af þeim málaflokkum sem varða atvinnulíf, með 24 punkta, en *Sjávarútvegur* hlýtur 21 punkt og *Matvælaframleiðsla* sautján. Þessi þrjú viðfangsefni, ásamt málefninu *Atvinna – efling*, fengu samtals 78 punkta og því má segja að leiðir til að sækja fram í öllum atvinnugreinum vegi, að mati þátttakenda, þyngst til að stuðla að eflingu byggðar í Kaldrananeshreppi.

Samgöngum voru gefnir 23 punktar og þar m.a. fjallað um bættu vetrarþjónustu. Í víðtækri umræðu sem bar yfirskriftina *Efla þekkingu landeigenda og sumarhúsaeigenda*, var lögð áhersla á að skoða ný tækifæri til landnýtingar og að auka tengsl við sumarhúsaeigendur. *Inngilding og tengsl*, sem gefnir voru 13 punktar, fjallaði um að auka tengsl íbúa af ólíkum uppruna og á ólíkum aldri. Umræðuefnið *Samfélag* hlaut að auki 10 punkta og löngun til að auka virkni íbúa og þetta samfélagið, þátttakendum því ofarlega í huga.

Tíu punktar voru settir á málefnið *Skjólbelti*, þar sem lögð var áhersla á skjólbeltaræktun til að draga úr vindi og snjó söfnun.

Verkefnisstjórn mun taka öll málefni til skoðunar, en þær hugmyndir sem heimamenn vilja fylgja eftir, munu þegar upp er staðið, eiga mesta möguleika á að verða að veruleika.



Mynd 1: Mat þátttakenda á mikilvægi málefna sem rædd voru á íbúáþingi

4 Aðstaða til eflingar

Málefnið *Húsnæði*, varð efst á listanum í forgangs röðun þátttakenda á íbúðabínginu. En þegar grannr er skoðað sést að í hópnum sem ræddi það málefni var ekki aðeins horft á húsnæðið sem slíkt, heldur þau tækifæri sem húsnæði og aðstaða skapa fyrir atvinnuuppbyggingu og eflingu samfélagsins.

Hér er sagt frá umfjöllun um sjö málefni, sem aðallega voru rædd í einum hóp, en líka komið inn á í fleiri hópum:

- *Húsnæði*
- *Iðnaðarrými, starfsemi, geymsla, afþreying*
- *Sköpunarrými – open office space*
- *Hesthús*
- *Fyrirtæki og atvinna – líka á veturna*
- *Smástarfsemi/atvinnurekstur; stuðningur, félagsstarf, samstarf*
- *Endurnýting – up-cycling, efnisveita*

4.1 Íbúðar- og atvinnuhúsnæði

Skortur er á íbúðarhúsnæði, að mati þátttakenda, sem kölluðu eftir frumkvæði sveitarfélagsins og bentu á að stofna mætti leigufélag. Það sama á við um atvinnu- og iðnaðarhúsnæði og vantar bæði aðstöðu fyrir starfsemi og geymslur.

Áhugi er á að koma upp sköpunarrými, þar sem m.a. væri „fjarvinnustöð“ með aðgengilegu skrifstofurými (open office space). Þar mætti líka vera kaffihús, var sagt. Þátttakendur vildu horfa til endurnýtingar, eða up-cycling, eins og það var orðað.

Rætt var um gámasvæðið, þar sem áður voru saltfiskreitir og spáðu þátttakendur í endurskipulagningu, t.d. deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði. Sagt var „kanna með allt dótíð“ og lagt til að farið verði í tiltekt. Í tengslum við samtal um matvælaframleiðslu var bent á þörf fyrir fleiri gróðurhús. Kallað var eftir aðstöðu fyrir smáfyrirtæki og minni starfsemi af ýmsum toga og í því sambandi rætt um gámaeiningar. Almennr, varðandi atvinnuuppbyggingu, var sagt: „þarf hugmyndaflug“.

Þá bar styrki til verslana í dreifbýli á góma og einnig stungið upp á að sækja um lán til Byggðastofnunar vegna byggingar iðnaðar-, verslunar- og atvinnuhúsnæðis.

Lagt var til að gerð verði úttekt á húsnæði og kortlagt hvað er í boði.

4.2 Hesthús

Talsverður áhugi virðist vera á því að bæta aðstöðu til hestamennsku í Kaldrananeshreppi. Þetta sást m.a. í forgangs röðun málefna í lok þings. Eins og fram kom hér á undan, var *Húsnæði* sá málaflokkur sem hlaut flesta punkta í forgangs röðun. Hesthús var eitt af málefnum undir húsnæðismálum og kom í ljós að ýmsir staðsettu sína punkta við þann lið sérstaklega til að árétta mikilvægið, en fjórtán punktar af 43 voru staðsettir þar. Börnin í grunnskólanum láta sig líka dreyma um góða aðstöðu fyrir hestamennsku með tilheyrandi starfsemi.

Fram komu óskir um bættu aðstöðu og kennslu og bent var á tækifæri í hestatengdri ferðaþjónustu.

Stungið var upp á að kanna áhugann, taka út svæði og athuga með leyfi og fleira sem þarf, til að láta drauminn um hesthús rætast.

5 Ásýnd til sóma

Þátttakendum var umhugað um góða ásýnd sveitarfélagsins, sem var í öðru sæti við forgangsöröðun þeirra málefna sem rædd voru á íbúðinginu. Umræðan fór fram í tveimur hópum. Annars vegar *Ásýnd þorpsins/hreppsins* og hins vegar *Skjólbelti*, en samtals féllu tillögur að sjö umræðuefnum undir þessa tvo hópa:

- *Ásýnd þorpsins og sveitarfélagsins í heild, t.d. Bjarnarfirði*
- *Skjólbeltarækt til að draga úr vindi, mynda skjól*
- *Snjósöfnun í byggð stjórnað með skjólbeltum*
- *Listaverk í Kaldrananeshreppi*
- *Leik- og útisvæði fyrir börn – Drangsnes og Bjarnarfjörður*
- *Leikvöllur*
- *Útsýnissvæði yfir bryggjuna*

Umræðan var drifin áfram af metnaði fyrir ásýnd og umhverfi, ekki bara til að ganga í augu gesta, heldur fyrst og fremst til að heimafolk fengi að njóta og gæti verið enn stoltara af sínu byggðarlagi. Bent var á að mörg verkefni sem falla undir þennan málaflokk, væru kjörin til að virkja samtakamátt íbúa.

5.1 Ásýnd

Að mati þátttakenda væri hægt að bæta ásýndina mikið með því að afmarka betur lóðir og bílastæði og steypa gangstéttir á Drangsnesi. Einnig mætti setja göngubrú yfir Bjarnarfjarðará.

Íbúar, fyrirtæki og sveitarfélagið gætu farið í átak í viðhaldi húsa og „meiri fánamenning“ væri jákvæð.

Stungið var upp á að sett verði sérstakt útsýnissvæði, eða útsýnispallur yfir bryggjuna, þar sem fólk geti fylgst með löndun og öðru lífi við höfnina til að kynnast atvinnuháttum svæðisins. Vísað var til bryggjunnar í Árneshreppi í þessu sambandi.



5.2 Listaverk

Umræða um listaverk varð í nokkrum hópum og tengdist metnaði fyrir góðri ásýnd. Stungið var upp á að búa til „hverfislistaverk“ og skreyta blómapotta og ruslatunnur. Einnig að „mála listaverk á vatnstankinn“.

Fram komu hugmyndir um að bjóða upp á listamannadvöl þar sem verk eftir listafólk verði síðan eftir á staðnum. Einnig að standa fyrir listahátíð og/eða listsýningum og bjóða listafólki að koma og sýna verk sín í Kaldrananeshreppi.

Nokkuð var rætt um listaverkið „Segl“, eftir Sigrúnu Jónsdóttur, en þegar hefur farið fram undirbúningur vegna þess, en verkefnið síðan legið í dvala. Stungið var upp á að sótt verði um styrk vegna þessa og verkið verði staðsett á Forvaðanum, svæði sem er við höfnina á Drangnesi.

5.3 Skjólbelti

Æskilegt væri að hefja markvissa skjólbeltarækt innan sveitarfélagsins, að mati hóps sem ræddi það málefni. Tilgangurinn væri sá að draga úr vindi og mynda skjól, eða með öðrum orðum „...stoppa vind og beina snjósöfnun annað“. Meðal annars var rætt um „...að hefja skjólbeltarækt uppi á holtinu, til að skýla frá vindi í norðaustanátt“. Einnig að skoða ræktun skjólbelta innanbæjar á Drangnesi til að beina snjósöfnun í ákveðinn farveg.

Bent var á að best sé að byrja á víðitegundum og síðan séu aðrar, hægvaðnari tegundir gróðursettar síðar, samtals þrjú til fimm belti.

Lagt var til að athuga möguleika á styrkjum og þar m.a. nefnt „Land og skógur“, en þátttakendur voru ekki vissir um hvort þetta gæti fallið þar undir. Land og skógur er stofnun sem „...hefur eftirlit með og annast framkvæmd laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt“.³ Samkvæmt vef stofnunarinnar, getur fengist stuðningur til skjólbeltaræktunar á lögbýlum.⁴

Einnig var bent á Pokasjóð, en hann virðist ekki hafa veitt styrki síðan árið 2020.⁵

Hópurinn taldi að verkefnið ætti að vera í höndum sveitarfélagsins og sögðu: „...og svo þarf að skipuleggja skjólbeltið og byrja að rækta!“.

Næstu skref

- Kanna styrkjamöguleika.
- Skipuleggja.

„Skreyta blómapotta og ruslatunnur – hverfislistaverk“

Nú er veturinn vikinn okkur frá,
þótt vorið gangi fremur hægt að sjá
alltaf sami seiglugarðurinn,
á sjóinn gefur illa kallinn minn.

Drangnesbragurinn, I. erindi



³ Alþingi (e.d.). Lög um náttúruvernd (1999, 22. mars)

⁴ Ísland.is (e.d.). Land og skógur

⁵ Pokasjóður (e.d.).

5.4 Leik- og útivistarsvæði

Stungið var upp á tveimur umræðuefnum sem tengjast leiksvæðum, en rædd með öðrum málefnum, þ.e. *Leik- og útisvæði* og *Leikvöllur*.

Grunnskólabörnin ræddu líka um leiksvæði, í sinni vinnu fyrir þingið og vildu hafa „fleiri hluti að gera, t.d. hoppubelgurinn“, eins og það var orðað. Þau vildu líka að skólalóðin verði kláruð og kölluðu eftir „hjólagarði“.

Horft var til bæði þéttbýlis og dreifbýlis, með þarfir barna í huga og sagt: „Leik og útisvæði fyrir börnin í öllu sveitarfélaginu“ og þessir staðir nefndir:

- Leiksvæði á Holtunum.
- Leiksvæði á landi Klúku.
- Fyrir börn við tjaldsvæði + Bjarnarfjörður.

Rætt var um strandblaksvöll, flugdrekasvæði og aparólu. Einnig var stungið upp á „leik-/þrautasvæði úr rekaviði og úrgangsnetum – Treenet aðferðafræði“, sem snýst um að búa til klifuraðstöðu með netum á trjám eða víðar.⁶

Þá bar líka á góma aðstöðu sem hentar fullorðnum, svo sem úti líkamsræktartæki og aðra leikvallarmöguleika – s.s. golf.

Fram komu hugmyndir um viðburði, eins og seglbílakeppni og fuglahræðukeppni og rætt um siglingu á Bjarnarfjarðará. Loks var stungið upp á að settur verði kláfur upp á Bæjarfell.

Áhugi var fyrir leikjanámskeiðum fyrir börn og fullorðna, til dæmis í samstarfi við félagasamtök, svo sem Ungmennafélagið Neista.



⁶ Treenet Collective (e.d.)

6 Sjálfbærni til framtíðar

Á þinginu birtist ákveðin framsýni í ýmsum málefnum. Og þó ekki hafi verið rætt um sjálfbærni sérstaklega, fléttaðist það hugtak víða inn í umræður, samanber eftirtaldar uppástungur um umræðuefni:

- *Heitt vatn*
- *Fjölbreyttari nýting á heita vatninu*
- *Orkunýting – sól, vindur*
- *Matvælaframleiðsla – möguleikar í matvælaframleiðslu, atvinnumöguleikar og samfélagsleg áhrif*
- *Gróðurhús, ræktunarmöguleikar. Samfélags eða bara framleiðsla einkaaðila*

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi efld fyrir alla jarðarbúa til langs tíma.⁷

6.1 Orkumál

Þátttakendur í umræðu um orkumál beindu sjónum einna helst að fjölbreyttari nýtingu heita vatnsins, sem er ein af lykilauðlindum svæðisins.

Lögð var áhersla á:

- Hitaveitu í Bæjartorfuna og í Kókkálsvík.
- Hitaveitu í öll hús í Bjarnarfirði.

Næsta skref

- Sækja um í Orkusjóð.

Einnig var stungið upp á að koma upp sólarorkuveri, til dæmis á Hærri-Mýrum. Bætt orkunýting var ýmsum ofarlega í huga og fram kom metnaðarfullt markmið um að „gera Drangsnæs sjálfbært um orku“.

„Fjölbreyttari nýting á heita vatninu“



⁷ Wikipedia (e.d.) Sjálfbær þróun


6.2 Matvælaframleiðsla

Fyrri dag þingsins var stungið upp á umræðuefninu *Möguleikar í matvælaframleiðslu* og það rætt í einum hópi, sem einnig fjallaði um fleiri málefni. Þegar síðari dagur þingsins hófst voru þátttakendur hvattir til að skoða málefni gærdagsins og sjá hvort væri gott að ræða eitthvert þeirra betur. Þá bættist þetta við umræðuefnið um matvælaframleiðslu: „Búið að ræða vöntun á húsnæði. Þarf að ræða dýpra um bæði samfélagsleg áhrif og atvinnumöguleika“. Málefnið var því rætt aftur og það sem hér fer á eftir byggir á afrakstri þessara tveggja hópa, auk hóps sem m.a. fjallaði um umræðuefnið *Gróðurhús, ræktunarmöguleikar – samfélags eða bara framleiðsla einkaaðila*.

Bent var á að ef væri löggilt framleiðslueldhús í sveitarfélaginu, myndi það auðvelda smáframleiðendum að stíga fyrstu skrefin og um leið stuðla að fjölbreyttara framboði matvæla úr héraði. Stungið var upp á að nota eldhúsið í samkomuhúsinu Baldri.

Hugmyndir um vöruþróun:

- Afurðir úr bolfiski, t.d. fiskibollur, fiskur í raspi og fiskur í tempura deigi.
- Möguleikar í harðfiskvinnslu.
- Þurrkun á banönum, öðrum ávöxtum og grænmeti.
- Hampræktun, CBD.⁸
- Framleiðsla á súrkáli.
- Bakað úr súrdeigi.
- Kombucha, gerjaður drykkur.⁹



⁸ CBDRVK.is (e.d.) Kraftur náttúrunnar í hverjum dropa

⁹ Kubalubra (e.d.) Kombucha Iceland

Einnig kom fram að gera mætti tilraunir með þrívíddarprentaðan mat og að hægt sé að fá leigðan slíkan prentara. Upp komu vangaveltur um gróðurhús á Sæbóli og spurt: „Er nægt heitt vatn? Er það möguleiki skipulagslega séð?“. Nokkrar af hugmyndunum tengdust nýtingu lífræns úrgangs til að bæta jarðveg:

- Moltugerð; matarleifar eru jarðgerðar og moltan nýtist sem áburður í garðrækt, skógrækt og uppgræðslu.¹⁰
- Bokashi; annars konar endurvinnsla á lífrænum úrgangi, þar sem beitt er gerjun, en bokashi er einnig nýtt til að bæta jarðveg.¹¹
- EM (Effective Microorganism); tengt Bokashi og vísar til lífrænna örvera sem stuðla að niðurbroti og næringu fyrir jarðveg.¹²

Töluverð umræða varð um grásleppu og siginn fisk sem er, samkvæmt þátttakendum „sérframleiðsla Drangsness“. Bent var á að til að auka nýtingu grásleppunnar, má einnig súta grásleppuhveljuna. Árið 2010 var stofnað Grásleppusetur á Ströndum og hafði hugmyndin að slíku setri þá lifað lengi með heimamönnum.¹³ Fram kom að Grásleppusetrið keypti á sínum tíma reykofn, sem er í lagi og mætti nýta betur, ásamt því að e.t.v. mætti blása lífi í starfsemi setursins.

Stungið var upp á að búa til sameiginlegt vörumerki fyrir Drangsnes eða Strandir, ásamt vefsíðu og markaðssetningu, til að styrkja markaðsstöðu matvælaframleiðslu á svæðinu. Íbúar sjá einnig tækifæri í að „tengja matarframleiðslu við minjagripaframleiðslu og framleiða matvæli í smáum pakkningum til að selja ferðamönnum“, eins og það var orðað.

Loks leyfðu þátttakendur sér að horfa til framtíðar af metnaði og sögðu: „Drangsnes gæti orðið sjálfbært samfélag hvað varðar matvæli og orku. Það væri örugglega hægt að sækja um Evrópustyrki til að gera tilraun með þetta“.

„Grásleppan er sérframleiðsla Drangsness“



¹⁰ Sorpa (e.d.) Molta úr matarleifunum þínum!

¹¹ Bokashi Living (e.d.) The Easy and Clean Way to Compost

¹² Wikipedia (e.d.) Effective Microorganism

¹³ Fiskifréttir (2010, 6. september) Stofnfundur Grásleppuseturs Stranda

7 Heilsa og vellíðan

Skilaboð þátttakenda um heilsu og vellíðan, tóku bæði til íbúa og gesta. Þó svo að ýmis aðstaða, iðkun og viðburðir nýtist báðum þessum hópum, er fjallað sérstaklega um heilsutengda ferðapjónustu í kafla 9.2.

- *Sjósund – „Kneipp“ í sjó*
- *Efla heitu pottana*
- *Heilsa íbúa og gesta – ferðamennska, hreyfing, vellíðan, íþróttakennsla*

7.1 Baðmenning

Pottarnir í fjöruborðinu fyrir neðan veg á Drangnesi, njóta mikilla vinsælda, bæði meðal heimamanna og gesta. Fram kom áhugi á að gera meira úr þessari einstöku afþreyingu og kennileiti með því að bæta aðstöðuna.

Þessar hugmyndir komu fram:

- Endurgera pottana með steinhleðslu.
- Gera gönguleið úr heitu pottunum í sjóinn.

Einnig var rætt um hvort huga ætti að breyttri staðsetningu pottanna og sagt: „Ef til vill er betra að hafa þá fyrir neðan sundlaugina og gera lítinn varnargarð til að bæta sjósundsstöðu. Það mætti sækja um þetta í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða“.¹⁴

Fjallað var um sjósund og kalt vatn sem heilsuefningu og stungið upp á að nýta sjóinn fyrir svokallaðar Kneipp bunur, sem m.a. er boðið upp á í Heilsustofnun í Hveragerði.¹⁵ Bent var á að sjósundsstaða megi ekki vera of nálægt skólplögnum. Fram kom hugmynd um sjóstökkpall við höfnina og heitan pott (rennibraut).



¹⁴ Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (e.d.)

¹⁵ Heilsustofnun (e.d.)

Þátttakendur töldu æskilegt að skapa sundlauginni á Drangsnesi ákveðna sérstöðu, „...e.t.v. gera hana að meira spa“. Tæki í líkamsræktarstöðinni í sundlauginni mættu vera fjölbreyttari og frumlegri, „...t.d. með grjóti úr umhverfinu“, var sagt. Kallað var eftir saunaklefa eða eimbaði og nefnt að bjóða mætti upp á vatnsleikfimi, t.d. Watsu-æfingar, sem er meðhöndlun í vatni.¹⁶

Horft var víðar og hærra á þau sóknarfæri sem gætu falist í því að búa til „hring af baðstöðum“ í Kaldrananeshreppi, t.d. Neshringinn. Eða eins og það var orðað: „Þar höfum við nú þegar Hveravík, heitu pottana, sundlaugina á Drangsnesi og Laugarhól. Kannski mætti bæta við einum stað. Það þyrfti að fara í vöruþróun og markaðssetningu“.

7.2 Heilsuefling

Þegar stungið var upp á umræðuefninu Heilsa, voru settir þar undir fjórir punktar, eins og fram kom hér á undan: Ferðamennska, hreyfing, vellíðan og íþróttakennsla. Það æxlaðist hins vegar svo að mest var rætt um tækifæri í heilsutengdri ferðaþjónustu, sem myndi þó jafnframt nýtast heimamönnum. Enda var sagt: „Hreyfing til heilsubótar fyrir íbúa og gesti“. Sjá umfjöllun um heilsutengda ferðaþjónustu í kafla 9.2.

Stungið var upp á að bæta aðstöðu fyrir hreyfingu, t.d. í samkomuhúsinu Baldri.

„Búa til hring af baðstöðum“



¹⁶ Watsu (e.d.)

8 Sagan er auðlind

Tveir hópar ræddu um þau fjölmörgu tækifæri sem felast í því að miðla sögu svæðisins og þar byggt á sjö tillögum að umræðuefnum:

- *Saga svæðisins – vinna með, safna og miðla, sýning, safn. Útgerð, grásleppa, ábúðarsagan*
- *Sögusetur þar sem farið er yfir sögu Drangsness*
- *Þjóðsögumiðstöð – álfar, tröll og fleira*
- *Storytelling festival, alþjóðlegt. Tengt þjóðsögum/göldrum og allskonar*
- *Sagna- og upplýsingaskilti um sögu húsa og staða í þorpinu og nágrenni*
- *Merkja hús sem hafa heiti – kannski getur Sýslið boðið góð kjör á slíkum skiltum*
- *Fornleifauppgröftur eflur – Grímsey, Bjarnarnes, Hveravík í Bjarnarfirði*

Umræðan einkenndist af áhuga, hugmyndaauði og metnaði fyrir þeirri auðlind sem felst í sögunni og sögunum í Kaldrananeshreppi og horft allt frá landsnámstíð til nútímans, frá þjóðsögum til sagna af fólki, hvunnudagshetjum og öðrum hetjum. Nefnt var að standa mætti fyrir sérstöku verkefni sem fangaði mismunandi leiðir til að miðla þjóðsögum og annarri sögu svæðisins. Einnig var stungið upp á að nýta lifandi frásagnarlist sem leið til miðlunar og almennt hvatt til samstarfs við háskóla, fræðasetur og söfn. Fram kom að menningartengd ferðapjónusta væri góð leið til að lengja ferðamannatímabilið, því hægt væri að bjóða upp á hana allt árið um kring. Vísað var til þekkingar og upplýsinga sem nokkrir einstaklingar búa nú þegar yfir og mælt með því að „tappa af þekkingu íbúa“.

8.1 Sögur, fornleifar og náttúra

Efniviðurinn; sögurnar sem tengjast svæðinu eru nánast óprjótandi brunnur. Þar voru m.a. nefndar þjóðsögur, s.s. sögur af álfum og tröllum, sögur tengdar landinu og landslaginu, sögur af göldrum og sögur af íbúum fyrr á tímum og til þessa dags. Af söguhetjum landnámsaldar, var Hallgerður langbrók nefnd sérstaklega.

Lögð var áhersla á að efla fornleifauppgröft og þá helst talað um Grímsey, Bjarnarnes, Hveravík og Bjarnarfjörð.

Einnig veltu þátttakendur fyrir sér hvernig mætti koma á framfæri meiri og betri upplýsingum um vistkerfið, náttúru og dýralíf, svo sem berin, fuglana, fiskana og önnur dýr. Í þeirri umræðu kom upp hugmynd sem var orðuð þannig: „Ómönnuð sýning í húsi – alltaf opið – lítið óhitað listhús“. Ýmsir töldu að miðlun slíkra upplýsinga um auðlegð svæðisins, gæti mögulega laðað ungt fólk til búsetu á svæðinu.

„Menningartengd ferðapjónusta allt árið“

Með bráðlekan byrðinginn
og bjagaðan kompás
og ónýtan einhvern lás
og allt í hönk þar um.
Það lagast allt – já allt með tímanum
og einna helst í Drangsnes símanum.

Drangsnesbragurinn, 4. erindi



Stungið var upp á að gera dranginn Kerlingu að náttúruvætti og þar vísað til Náttúruverndarstofnunar. Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands friðlýst svokölluð náttúruvætti, sem eru ein tegund friðlýsingar, eða eins og segir í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013:

„Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.“¹⁷

8.2 Sýnileiki í netheimum og raunheimum

Þegar kemur að því að miðla upplýsingum um sögu og náttúru, þarf tvennt að haldast í hendur, að mati þátttakenda. Annars vegar aðgengilegar upplýsingar á netinu og hins vegar sýnileiki þegar komið er á staðinn, þá sérstaklega með merkingum.

Þannig kom fram hugmynd um að sameina allar upplýsingar og sögur um svæðið á einn aðgengilegan vettvang á netinu, t.d. í gagnabanka sem gæti verið í gegnum app. Einnig að nota samfélagsmiðla í sama skyni.

Talsvert var rætt um sögur sjálfra íbúanna, fyrr og nú, allt frá Hallgerði langbrók. Í slíkum gagnabanka gætu verið „myndir, frásagnirog ættartré“, eins og það var orðað. Einnig komu upp hugmyndir um að miðla slíkum sögum í bók, t.d. stórri bók með mörgum myndum, sbr. svokallaðar „kaffiborðsbækur“. Fleiri sambærilegar hugmyndir koma fram í kafla 12.2 um inngildingu og tengsl.



¹⁷ Alþingi (2013, 10. apríl) Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, VII. kafli, 48. gr.

Varðandi merkingar skráðu hóparnir eftirfarandi niður og horfðu þar til húsa og staða í þorpinu á Drangnesi og nágrenni:

- Merkja hús sem hafa heiti, eyðibýli og áhugaverða staði og „kannski getur Sýslið boðið góð kjör í slíkum skiltum“.¹⁸
- Setja upplýsingaskilti tengd núverandi húsum og þeim sem eru farin, verbúðum, ábúðar- og útgerðarsögu, grásleppuverkun o.fl.
- Setja merkingar með heitum staðanna ásamt upplýsingum um söguna sem tengist stöðum og húsum.
- Merkja staði eins og hvalstöðina á Strákatanga.
- Upplýsingar um fornleifauppgröft.
- Skilti við Forvaðann sem er með upplýsingum og fróðleik.

8.3 Sýning eða setur

Stungið var upp á að setja upp setur eða sýningu til að miðla sögu svæðisins, með áherslu á upplifun gesta. Þar mætti miðla ýmsum þráðum úr sögunni og á mismunandi vegu, sbr. listann yfir umræðuefni hér í upphafi kaflans.

Velt var upp þeim möguleika að nýta sýndarveruleika, tengdan staðsetningu sögusviðs, í rými sem leyfir fólki að upplifa og sagt „í anda Pokemon GO“.

Svo mætti nýta svokallað Geocach, en þar ferðast fólk um svæði til að leita að hlutum samkvæmt fjársjóðsleitarappi og þar „...hægt að blanda saman leik, afþreyingu og upplýsingamiðlun“, eins og það var orðað.¹⁹

8.4 Viðburðir og afþreying tengd sögum

Ein leið til miðlunar er að standa fyrir ýmiss konar viðburðum sem tengjast sögunni og þar leyfðu þátttakendur sér að fara á flug.

Fram kom áhugi á að halda alþjóðlega sagnahátíð, tengda þjóðsögum, göldrum og allskonar, eins og það var orðað. Slíkar sagnahátíðir eru haldnar reglulega víða um heim og var vísað til sagnahátíðar á írsku eyjunni Caple Clear.²⁰

Jafnframt var rætt um hátíðir fyrir markhópa innanlands, þar sem unnið væri með mismunandi þemu, til dæmis fyrir börn. Vísað var til Náttúrubarnahátíðar á Ströndum, sem tengist Náttúrubarnaskóla Sauðfjárseturs á Ströndum, en að á hátíð í Kaldrananeshreppi yrði lögð áhersla á sögur og sagnir.²¹

Af fleiri hugmyndum, má nefna „stultugöngu milli Klúku og Bakka“, en dæmi eru um að ungt fólk hafi notað stultur til að fara á milli, á árum áður. Einnig var vísað til viðburðar á vegum skólans: „Eins og ganga hjá skólanum þegar þau söfnuðu áheitum“. Loks var stungið upp á að standa fyrir göngum þá leið sem kölluð er „gamla póstleiðin“.

¹⁸ Sýslið.is (2021).

¹⁹ Geocaching (e.d.).

²⁰ Cape Clear Storytelling Festival (e.d.).

²¹ Sauðfjársetur á Ströndum (e.d.).

9 Áfangastaður til fyrirmyndar

Efling ferðapjónustu er eitt af sóknarfærum svæðisins, að mati íbúa, sem bæði ræddu um ferðapjónustu í víðum skilningi í einum hópi, en settu líka fram ýmsar hugmyndir tengdar ferðapjónustu, í umræðu um *heilsueflingu* annars vegar og *miðlun sögunnar* hins vegar. Auk þess var komið inn á málefnið í hópnum *Atvinna – efling*.

Í hópnum var fjallað um eftirfarandi níu tillögur að umræðuefnum:

- *Ferðapjónusta*
- *Náttúrutengd ferðapjónusta/fræðasamfélag*
- *Neshringurinn – markaðssetning alls þess sem í boði er*
- *Afþreying – vetur/sumar*
- *Fjórhjólatúrar og efla hótelin á svæðinu*
- *Merkja veiðisvæði í ám og vötnum betur*
- *Gönguleiðir innan sem utan bæjar*
- *Gönguleiðakort – vefur, GPS leiðir*
- *Ferðamannakort af öllu svæðinu og tiltekin svæði innan þess*

9.1 Tækifæri í ferðapjónustu

Brýnt er að hefja merkingu og stikun gönguleiða, var sagt, svo hægt sé að benda fólki á að fara þangað. Flokka þarf leiðir eftir erfiðleikastigi og búa til gönguleiðakort fyrir hreppinn, með GPS hnitum.

Meðal hugmynda um gönguleiðir var það sem kallað var í einum hópanna „gönguleið milli Gvendarlauga“ og í öðrum „Gvendarbrunnaganga á milli brunna“, sem gæti verið svipað hinni vinsælu pílágrímaleið Jakobsvegi, sögðu þátttakendur²². Einnig var nefnt að það gæti verið gönguleið í Grímsey og athuga mætti með fleiri „...gönguleiðir sem eru með þema og góða lýsingu og erfiðleikastig“.

Íbúar hafa áhuga á að lengja ferðamannatímabilið, til dæmis undir yfirskriftinni „Vetrarríkið Strandir“. Aðdráttaraflíð er fjölbreytt, samkvæmt hugmyndunum, svo sem norðurljós, pottarnir og heitt vatn. Einnig afþreying á borð við gönguskiði, vatnaveiðar, refaveiðar, þrúgugöngu, sundjoga og tónlistarsköpun. Þá bar hvalaskoðun á góma og siglingar út í Grímsey. Stungið var upp á að stækka frísbíggjvöll um helming.

„Gvendarbrunnarganga á milli brunna“

²² Wikipedia (e.d.) Jakobsvegurinn

Uppi eru hugmyndir um fjórhjólaferðir og í umræðu um þær kom fram að hægt væri að bjóða upp á þær allt árið. Helstu svæði væru Djúpvík – Drangajökull, Trékyllisheiði og Bæjarháls. Hægt væri að leysa húsnaðismál með snyrtilegum gámum. Leggja þyrfti áherslu á markaðssetningu, til að nýta þetta tækifæri til atvinnusköpunar, var sagt.

Stungið var upp á að setja hringsjá á Bæjarfell og gera kort með áhugaverðum stöðum og þjónustu. Nota mætti QR kóða til að fara á síðu með praktískum upplýsingum um t.d. sund, búð og fleira, sögðu þátttakendur. Einnig væri vert að kynna betur heimasíðu hreppsins, sem þátttakendur sögðu mjög góða.

Rætt var um Neshringinn (Vestfjarðahringur), en það er hringurinn frá Bjarnarfirði yfir í Steingrímsfjörð, út Selströnd í gegnum Drangsnes, fyrir Kaldrananes og aftur inn í Bjarnarfjörð. Hluti af leiðinni er malarvegur og var sagt „viljum ekki breyta veginum þar“. Fram kom að þessi leið er ekki svo löng, eða um 43 kílómetrar, en það vill svo til að það er nánast sama vegalengd og heilt maraþon (42,2 km). Hugmyndin er að markaðssetja þessa leið, þannig að ferðalangar sem eru á leið í Norðurfjörð, taki á sig krók og njóti þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Stungið var upp á að skrá niður áhugaverða staði og áfangastaði á leiðinni. Einnig mætti gera „gestagötu“, var sagt, og vísað til fyrirmynda úr þjóðgörðum.

Næstu skref

- Mynda samstarfshóp.
- Markmiðasetning - verkefnalýsing.
- Skrifa umsókn um fjármagn.
- Textagerð/myndefni.
- Framleiðsla á efni.
- Miðlun og dreifing.
- Viðhald/endurnýjun.



KbH

9.2 Heilsutengd ferðapjónusta

Varpað var fram ýmsum hugmyndum um heilsutengda ferðapjónustu í hópi sem ræddi um heilsu og heilsueflingu almennt. Þátttakendur töldu það vera spennandi valkost til að auka aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn.

Talað var um:

- Gönguferðir – gönguskíði – Strandagönguferðir.
- Hjólaferðir.
- Sjósund, sjóböð og sundleikfimi.
- Spa – helgar, t.d. með nuddi, sundi og jóga.

Einnig var stungið upp á svokölluðum „Silent retreat“, þar sem fólk dregur sig í hlé frá umheiminum, nokkuð sem kallað hefur verið „hlédrag“ á íslensku og virðist njóta vaxandi vinsælda í hröðum heimi.

Þá var rætt um matartengda upplifun þar sem fléttað væri saman áherslu á heilsu og hollan mat úr héraði.

Íbúar veltu upp mögulegu samstarfi við félagasamtök og stofnanir s.s. Ljósíð og Kraft (félagasamtök sem styðja krabbameinsgreinda) og Lífsgæðasetur í Hafnarfirði.

Laða mætti að hópa t.d. með því að bjóða upp á starfsmannaferðir og hópefli og einnig mætti nýta aðstöðuna á svæðinu fyrir skólabúðir.

Fram kom tillaga um að leita til fólks með fagþekkingu, s.s. íþróttافرæðing, jógakennara og sérfræðing í gönguferðum, til að þróa afþreyinguna frekar.

Næsta skref

- Kortleggja aðstöðuna sem þegar er til staðar.

„Heilsutengd afþreying eykur aðdráttarafl fyrir ferðamenn“



10 Greiðar leiðir

Hér er sagt frá umræðu um samgöngur á landi annars vegar og hins vegar aðgengi og sýnileika Kaldrananeshrepps og íbúa á netinu. Byggt er á umræðum úr hópum þar sem fjallað var um eftirfarandi málefni:

- *Vetrarþjónusta á Bjarnarfjarðarhálsi – skólaakstur, hótélrekstur og gisting*
- *Almenningssamgöngur milli byggðarlaga á Ströndum*
- *Efla samfélagsmiðla veru hreppsins*
- *Þjóða upp á netföng tengd svæðinu, t.d. gulli@drangsnes.is*

10.1 Samgöngur

Hópur sem ræddi um samgöngur vann með tvær tillögur að umræðuefnum: *Vetrarþjónusta á Bjarnarfjarðarhálsi* og *Almenningssamgöngur*. Lögð var áhersla á mikilvægi samgangna bæði fyrir samfélagið og fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.

Íbúar telja að það ætti að vera kostur að svæðið er ekki stórt, eða eins og það var orðað: „Dýrmætt að svæðið er ekki svo stórt, ekki langar vegalengdir – Neshringurinn er 43 km“. Og í framhaldi af því spurt: „Er ekki hægt að hafa vetrarþjónustu fyrir þessar stuttu vegalengdir?“. Þrýsta ætti á Vegagerðina og stjórnvöld um að bæta vetrarþjónustu, sem er mikilvægt vegna öryggis og þar vísað sérstaklega til sjúkrabíla og slökkviliðsbíla, sögðu þátttakendur.

Bæta þarf efni í veginn á Nesströnd, var sagt og „ef ekkert er gert má gefa holunum nöfn og friða þær“. Þarna stangast reyndar á sjónarmið, því eins og fram kemur í kafla 9.1 um tækifæri í ferðaþjónustu vildu einhverjir að vegurinn fái að vera eins og hann er. Ýmsir telja æskilegt að leggja bundið slitlag við hús sem standa nálægt veginum.

Huga þarf að vetrarþjónustu í Bjarnarfirði, vegna skólaaksturs, hótélrekstrar og gistingar. Fram kom að þar er staðsettur traktor og snjóblásari, sem einn íbúa keyrir. Bent var á að setja þurfi fleiri háar stikur yfir Bjarnarfjarðarháls og merkja vetrarveg betur, þar sem ekki sé ljóst hvar fara á inn á veginn.

Stungið var upp á að leggja stíg á milli brúa í Bjarnarfirði, Hallardalsá og Bjarnarfjarðará. Þetta sé öryggisatriði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og nefnt að sækja mætti um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Einnig var kallað eftir göngubrú yfir Bjarnarfjarðará hjá Klúku og Bakka.



Spennandi væri að merkja gönguleiðir, var sagt og vísað til næstu endurskoðunar aðalskipulags fyrir Kaldrananeshrepp: „Í næstu umferð þegar farið verður yfir aðalskipulag þarf að vera búið að forvinna merktar gönguleiðir svo hægt sé að sækja um fjármagn, t.d. í stígagerð og merkingar“.

Varðandi aðrar merkingar var sagt: „Merkja skilti við veg. Gott til að staðsetja sig og bætur öryggi og upplýsingamiðlun ef slys og óhöpp verða“.

Loks kom fram hugmynd um almenningssamgöngur milli byggðarlaga á Ströndum og þátttakendur opnir fyrir því að finna óhefðbundnar lausnir til að það yrði mögulegt. Þannig gæti sveitarfélagið keypt bíl sem sjálfboðaliðar myndu keyra og var vísað til fyrirmyndar í Þýskalandi.

Næstu skref

- Aðalskipulag.
- Sækja um fjármagn í sjóði.
- Samtal við Vegagerð.
- Samstaða heimamanna efld.

10.2 Sýnileiki á netinu

Stungið var upp á að móta stefnu eða áætlun varðandi samfélagsmiðla, sérstaklega þá sem nýttir eru á vegum sveitarfélagsins. Það væri liður í að kynna Kaldrananeshrepp út á við og jafnvel laða að nýja íbúa. Lagt var til að haldið verði námskeið til að kenna fólki á samfélagsmiðla.

Fram kom hugmynd um að bjóða fólki að skrá netföng sem tengjast svæðinu, sem væri þá ein leið til að auka sýnileika út á við. Þetta mun vera einfalt í framkvæmd og var mælt með að kynna áhugasömum íbúum hvernig þeir geti fengið @drangsnes.is netföng.

Rætt var um viðburðadagatal, sem mætti tengja viðburðadagatali Vestfjarðastofu og tengja jafnframt inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Einnig lýstu þátttakendur áhuga á að gefið verði út fréttabréf með fréttum úr Kaldrananeshreppi.



11 Gjafir lands og sjávar

Byggð og atvinnulíf í Kaldrananeshreppi byggir á auðlindum, til lands og sjávar og fólkinu sem þar býr og dvelur.

Rætt var um eftirfarandi málefni í tveimur hópum:

- *Landeigenda möguleikar – kynningar á möguleikum í landnýtingu, heimavirkjanir/örvirkjanir, landbúnaður, landgræðsla, skógrækt*
- *Efling sjávarútvegs – móta stefnu í eflingu sjávarútvegs og nýtingar sjávarauðlinda og fiskeldi*
- *Landeldi á laxi*
- *Malarhorn – fjara, bjarg, nýting* var svo málefni sem stungið var upp á, en ekki gafst ráðrúm til að ræða það sérstaklega, en er haldið til haga hér.

11.1 Landnýting

Í hópi sem fjallaði um möguleika landeigenda, var lögð áhersla á að auka þekkingu á hinum ýmsu tækifærum til nýtingar og að nauðsynlegt væri að skapa vettvang fyrir slíka þekkingarmiðlun og umræðu. Markmiðið væri það að efla búsetuskilyrði á jörðum allt árið um kring.

Þetta rataði m.a. á blað:

- Landbúnaður og hlunnindanýting; dúnn, fuglar, ár, vötn, reki og netlög sjávarjarða, sem er sá hluti jarða sem nær út í sjó.²³
- Landnýting og nýting á vatni.
- Skóg og/eða skjólbeltarækt; votlendi og landgræðsla.

Stungið var upp á átaksverkefni um hnitasetningu jarða og sameiginlega merkjalýsingu, en um það segir í reglugerð: „*Merkjalýsing er lýsing landfræðilegrar afmörkunar fasteignar eða landeignar með upplýsingum um eignamörk, upplýsingar um aðra skráningu fasteignar og réttindi tengd henni.*“²⁴

Rætt var um óvissu í afkomu sauðfjárræktar og sagt: „Kanna hvort von sé í sauðfjárrækt í framtíðinni“. Vísað var m.a. til fæðuöryggis og að efla þurfi sjálfsþurftarbúskap.

Þessi mál þarf að taka fyrir í skipulagsvinnu, að mati þátttakenda. Þess má geta að núgildandi aðalskipulag Kaldrananeshrepps gildir til ársins 2030²⁵ og ekki ólíklegt að vinna við nýtt aðalskipulag hefjist á næsta kjörtímabili. Skipuleggja ætti fleiri lóðir, bæði í þéttbýli og sveit og þá líka fyrir sumarhúsabyggð, var sagt. Einnig þurfi að fjölga lóðum fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarhúsnæði.

„Efla búsetuskilyrði á jörðum allt árið um kring“

²³ Landssamtök eigenda sjávarjarða (e.d.).

²⁴ Ísland.is (2024, 7. febrúar), Stjórnartíðindi. Reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna.

²⁵ Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 – 2030.

11.2 Sjávarútvegur, fiskeldi og fleira

Stungið var upp á málefnum: *Móta stefnu í eflingu sjávarútvegs og nýtingu sjávarauðlinda og fiskeldi, ásamt umræðuefnum Landeldi á laxi, sem fléttaðist inn í umræðu hópsins Atvinna – efling.*

Þátttakendum var ofarlega í huga að móta þurfi langtíma stefnu, í takt við stefnu stjórnvalda og vísuðu til þess sem kallað var „sérstefna jaðarsvæða“. Bent var á að það vanti „fyrirsjáanleika og stöðugleika fyrir smærri byggðir“, eins og það var orðað.

Kallað var eftir bæði almennum og sértækum byggðakvóta og m.a. vísað til þess að veiðar á bolfiski séu í vörn. Einnig var rætt um þá óvissu sem ríkir um línuviltun, þar sem beðið er nýrrar reglugerðar.²⁶

Í umræðu um grásleppuveiðar kom fram að þær séu í gangi, en í vörn og vísað til niðurskurðar. Þess má geta að settur var kvóti á grásleppuveiðar árið 2024, en kvótasetning síðan afnumin á yfirstandandi ári.²⁷

Mikilvægi góðrar hafnaraðstöðu var áréttað.

Íbúar binda vonir við ýmis verkefni sem þegar eru hafin. Meðal annars var vísað til verkefnisins Fjarðarþing, sem er ljósátuverkefni á vegum Ísfélagsins, við mynni Steingrímsfjarðar. Þar eru að jafnaði 48 þúsund seiði að sögn þátttakenda. Ljósáta er dregin að kvíum þannig að ekki þarf að gefa annað fóður. Áætlað er að hægt væri að landa um 4.000 tonnum á ári og að þetta myndi styðja heilsárs vinnslu í frystihúsinu á Drangnesi.²⁸

Einnig var talað um seiðaeildi sem nú er á jörðinni Ásmundarnesi í Bjarnarfirði og tilraunaræktun á þara sem staðið hefur í nokkur ár, á svæðinu.

Viðraðar voru hugmyndir um landeldi á laxi á jörðinni Skarði, en þar er heitt vatn og jörðin í eigu sveitarfélagsins. Til að þessi hugmynd geti orðið að veruleika, vantar bæði iðnaðarhúsnæði og íbúðarhús, að mati þátttakenda. Þá var rætt um að endurverkja ræktun á kræklingi, sem lagðist af fyrir nokkrum árum, en á sínum tíma var það frumkvöðulsverkefni á landsvísi. Þá kom fram áhugi á að horfa til vinnslu á stórþara, þar sem hægt væri að nýta heitt vatn til þurrkunar.

Ýmsir töldu möguleika á að efla veiði í ám og vötnum og sögðu þörf á að bæta merkingar á veiðisvæðum.

Næstu skref

- Fullmótun á stefnu hreppsins.
- Sækja fjármagn í uppbyggingu/rannsóknarstyrk/fjárfestingu.
- Koma rödd samfélagsins til skila til hins opinbera.
- Fá aðstoð verkefnisstjóra til að koma stefnunni í orð.

„Vantar fyrirsjáanleika og stöðugleika fyrir smærri byggðir“

²⁶ Morgunblaðið (2025, 4. október)

²⁷ Morgunblaðið (2025, 31. mars)

²⁸ Samkvæmt upplýsingum frá Valgeiri Jens Guðmundssyni, verkefnisstjóra

12 Samfélag fyrir öll

Mikil og lífleg umræða varð um hvernig mætti efla og styrkja samfélagið og tengsl milli fólks, með það að markmiði að allir geti fundið sér einhvern stað með samborgurum sínum og þannig muni samfélagsheildin eflast.

Stungið var upp á fjölmörgum umræðuefnum, sem síðan voru rædd í tveimur hópum:

- *Inngilding – erlendir íbúar/nýbúar, inngilding, efling*
- *Ungt fólk - rafíþróttir, listastarf, aðstaða*
- *Inngilding og efling ungs fólks*
- *Einmana fólk, námskeið, tengslamyndun, ný leið til að kynnast fólki*
- *Sumarbústaðafólk*
- *Sköpunarrými*
- *Knæpa*
- *Afþreying – vetur/sumar*
- *Forvaðinn – hús – samfélagsmiðstöð – útsýni – all-in-one*

Þátttakendur beindu sjónum sínum annars vegar að aðstöðu fyrir samveru, sköpun og félagslíf og hins vegar að viðburðum og samfélagsþjónustu.

12.1 Samfélagsmiðstöð

Íbúar eiga sér draum um einhvers konar samfélagsmiðstöð þar sem verði skipulagt og fjölbreytt starf, sem höfði til margra og ólíkra hópa. Fram kom hugmynd um að flytja hús sem stendur á jörðinni Kleifum, á Forvaðann á Drangsnesi, gera það upp og nýta á þennan hátt. Húsið á sér merka sögu, en mun þarfnast viðgerða. Það er nú sumarhús Starfsmannafélags Landsvirkjunar. Hugmyndin um samfélagsmiðstöð er þó ekki bundin þessari leið og mætti skoða ýmsa möguleika, sögðu þátttakendur.

Þarna mætti vera:

- Sköpunarrými.
- Samvinnurými.
- Kaffihús.
- Sýningaraðstaða, t.d. grásleppusýning.
- Fundir og námskeið.
- Vinnuaðstaða fyrir fræðimenn og listamenn (nýta einhvern bústað á svæðinu fyrir gistingu).

Næstu skref

- Athuga með styrk hjá Minjastofnun.
- Gamla Kleifarhúsið á Forvaðann.
- Tala við Landsvirkjun – Starfsmannafélag Stala.

Einnig var stungið upp á að nýta búðina á Drangsnesi og skólann betur til félagsstarfs fyrir alla íbúa. Mikilvægt sé að „fá aðstöðu sem er kósí til að hittast (sófi)“, eins og einn þátttakenda orðaði það.

„Ný leið til að kynnast fólki“

12.2 Inngilding og tengsl

Á þinginu var mörgum umhugað um inngildingu og tengsl innan samfélagsins. Þar var vísað til nýbúa, aðfluttra, ýmist af erlendum eða innlendum uppruna og sumarhúsaeygenda. Þetta fólk sé í raun auðlind fyrir samfélagið.


Besta leiðin til að fjölga tækifærum til tengslamyndunar, að mati þátttakenda, er að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum. Þar var vísað til Kvenfélagsins Snótar, Malarhorns og Laugarhóls og einnig var skólinn nefndur í því sambandi.

Góð leið til að auka tengsl, er að samfélagið sameinist um verkefni, sögðu þátttakendur og nefndu sem dæmi, uppbyggingu húss, samfélagsverkefni, sjálfbæðisveit, framkvæmdasveit, listaverk, ásýnd svæðisins, áttaksverkefni, party samhliða s.s. pylsur og bjór, jólabjórsmakk, „leitinn að logninu“ – grillparty.

Þessar uppástungur að viðburðum rötuðu líka á blað:

- Spilakvöld, matur/Pálínuboð (borða saman hver með sinn mat), jólaskreytingar, knæpan, þrjónaboð.
- Súpuhittingur/Pálínuboð og fólk kynnis sig og hvað það er að gera, bakgrunn, áhugamál, fjölskyldu og menntun.
- Knæpa og þar gæti verið krúshilla, þar sem hver kemur með sína krús og geymir í hillu á barnum og kannski væri hægt að læsa aðstöðunni. Sagt var frá dæmi um slíkt frá Þýskalandi.
- Ungt fólk – aðstaða fyrir ýmsa afþreyingu – listir, rafíþróttir, borðspil, bíókvöld.
- Hafa netparty, party samtímis á milli fjarlæggra staða í snjóstormi.

Bent var á að á næsta ári, 2026 verður 30 ára afmæli Bryggjuhátíðar á Drangnesi, en hún er ein af elstu bæjarhátíðum á Vestfjörðum. Hátíðin var síðast haldin árið 2024, eftir nokkurra ára dvala, en íbúar lýstu áhuga á að á komandi ári verði efnt til glæsilegrar afmælishátíðar.²⁹



²⁹ Bryggjuhátíð á Drangnesi – Facebook síða

Íslenskukennsla

- Hraðíslenska (hittingur, skipt um sæti, “date” eða stefnumót).
- Ókeypis íslenskunámskeið – „Jú víst!”.

Miðlun og útgáfa

- Ljósmyndasýning af öllum íbúum - hægt að hafa í búðinni.
- Skrifa bók um alla íbúa (mynd, nöfn og smá texti).
- Gera handbók fyrir Kaldrananeshrepp – hefðir, venjur, merkisdagar, viðburðir.
- Heilsársviðburðadagatal sem fólk getur sett viðburði inn í.

Innviðir og stoðþjónusta

- Virkja fólk í innviði og stoðþjónustu s.s. björgunarsveit og slökkvilið.

Lögð var áhersla á að gefa sumarhústaðaeigendum tækifæri til að vera hluti af öllu ofangreindu, enda sé sá hópur auðlind fyrir samfélagið í Kaldrananeshreppi.

12.3 Sumarhúsaeygndur

Í Kaldrananeshreppi eru 50 sumarhús eða fleiri, samkvæmt því sem fram kom í umræðum. Því séu miklar sveiflur í mannfjölda eftir árstíðum og í raun geti íbúafjöldinn tvöfaldast á sumrin. Þessu þurfi að mæta með innviðum og þjónustu og var sérstaklega talað um sorp, snjómokstur, brunavarnir og neyðarþjónustu. Varðandi brunavarnir var lögð áhersla á að auka aðgengi að vatni og hvatt til vitundarvakningar í dreifbýlinu. Þetta málefni varðar þó væntanlega fleiri en sumarhúsaeygndur.

Komið var inn á skólamál og sáu þátttakendur spennandi tækifæri í samstarfi skóla og nemenda, sem ekki eiga fasta búsetu í hreppnum, en dvelja þar í lengri eða skemmri tíma á veturna. Einnig mætti hafa atvinnuvegakynningu fyrir „börn að sunnan“, eins og það var orðað. Æskilegt væri að sumarhúsaeygndur gætu nýtt sér þá afþreyingu og viðburði sem eru í boði á svæðinu. Í sumarhúsa- og landeigendum felst líka auðlind, var sagt og áhugi á að virkja þann mannauð.

Stungið var upp á að kortleggja þá þjónustu sem er í boði á svæðinu og hvað vantar og nýta þær upplýsingar til að greina tækifæri varðandi framboð á þjónustu.

Næstu skref

- Verkefnisstjóri boði þing. Bjóða öllum landeigendum og sumarhúsaeygndum til samtals um þessar hugmyndir – íbúum líka.
- Kortleggja mannauðinn.
- Vantar vettvang fyrir samtal, fréttabréf, miðil.

13 Næsta kynslóð

Skömmu fyrir þingið, heimsótti verkefnisstjóri grunnskólanemendur og lagði fyrir hópinn tvær spurningar: „Hvað er gott við að búa í Kaldrananeshreppi?“ og „Hvað má bæta?“.

Rætt var við tíu nemendur, úr þriðja til tíunda bekk og þrír nemendanna kynntu svo afraksturinn á þinginu.

Krakkarnir töldu upp margt gott við lífið í Kaldrananeshreppi, bæði í þorpi og sveit, en það var þó fleira sem rataði á listann yfir það sem má bæta.

13.1 Hvað er gott?


Nemendur gerðu greinarmun á því sem er gott við að búa á Drangnesi eða í Bjarnarfirði, en nefndu líka atriði sem eiga við um allt svæðið.

Á Drangnesi finnst þeim kostur að þar er mikil náttúra og að allir eru nágrennar. Þar er ekki mikil mengun, né mörg hús, en margar kisur. Gott er að hafa fiskinn og frystihúsið.

Börnin eru ánægð með pottana, sundlaugina og ræktina og búðina og þeim finnst líka gott að það er skóli á Drangnesi.

Í Bjarnarfirði kunna krakkarnir vel að meta að þar eru ekki svo mörg hús, eða eins og það var orðað: „Þau skemma náttúruna“. Þau vildu jafnvel að ekki yrðu byggð fleiri hús, eða alla vega ekki mörg – og þá mjög lág. Í Bjarnarfirðinum njóta börnin þess að þar eru mörg villt dýr og mikið um sveppi. Og svo eru þar margir hundar. Börnin eru ánægð með leirinn í Bjarnarfirði og sundlaugina og finnst gaman að fara í ána.

Auk alls þessa, lýstu börnin ánægju sinni með ýmislegt sem á við bæði í þorpinu og sveitinni og nefndu m.a. heita vatnið. Einnig er það „náttúran, dýralífið, hvalir, fuglar o.s.frv.“. Þau kunna að meta frelsið og að það eru: „Allir vinir!“.



13.2 Hvað má bæta?

Krakkarnir vildu svo gjarnan hafa fleira við að vera og vísuðu til dæmis til hoppubelgsins á Drangsnesi. Það var líka orðað svona: „Stuð fyrir krakka (fyrir utan skólalóð)“. Það væri mikilvægt að klára skólalóðina og þau myndu vilja að í þorpinu væri „kósý hús fyrir krakka“. Þá dreymir þau um að fá pall á bryggjunni til að hoppa í sjóinn, kannski úr stillans – og heitan pott. Sögðust líka vilja hafa krana með köldu vatni í pottinum. Það mætti endurnýja tæki í rækt, t.d. bekkpressu og bæta sundlaugina á Drangsnesi og þá væri toppurinn að fá rennibraut. Fram kom ósk um hjólagarð eða hjólabraut, eða „krossara, plís!“, eins og það var orðað. Einnig stungu krakkarnir upp á golfvelli og sjóstangveiðiferðum og langar til að það verði fleiri hátíðir og/eða hittingar á svæðinu.

Nemendur vildu gjarnan að íbúum myndi fjölga, svo yrðu fleiri krakkar – og þá þyrfti að byggja fleiri hús, sögðu þau. Það mætti gjarnan vera meiri þjónusta og framboð í verslun og þar rataði á listann:

- Stærri búð, lengri opnunartíma.
- Skóbúð.
- Nytjamarkaður.
- Bónus.
- Rakarastofa.
- Betri/fleiri veitingastaðir.

Það væri líka frábært að hafa strætó, sögðu þau og einnig settu þau gangstétt á óskalistann. Í Bjarnarfirði vildu börnin fá aðra brú yfir ána.

Krakkana dreymir um betri aðstöðu til að stunda hestamennsku og nefndu hesthús, fleiri hesta og hestanámskeið.

Það kemur kannski ekki á óvart, miðað við hvað börnin kunna vel að meta náttúruna, að þau vilja gjarnan meiri náttúru og dýralíf og töluðu líka um fleiri tré á Drangsnesi. Einnig var komið inn á „betri ræktun“ og sagt að gaman væri að hafa fleiri gróðurhús. Þau kölluðu eftir að gert yrði kort af öllum bænum og láta sig dreyma um framhaldsskóla á svæðinu.



14 Framtíðin í sjónmáli – 2040

Sú hefð hefur skapast á íbúðingum í verkefninu í *Brothættum byggðum* að bjóða þátttakendum í ferðalag inn í framtíðina. Þetta gerist á síðari degi þingsins, að loknum umræðum um málefni og mörg þeirra sem eru á staðnum, þá búin að ræða sóknarfæri svæðisins af fullum krafti og virkja væntumþykjuna og samtakamáttinn.

Þannig brugðu íbúar Kaldrananeshrepps sér fimmtán ár fram í tímann og sáu fyrir sér stöðuna á svæðinu árið 2040. Einn þátttakandi sá ekkert nema eyðibygð, en almennt einkenndist framtíðarsýnin af bjartsýni.

Þar bar hæst fallett landslag og heillandi náttúru, kraftmikið samfélag og blómlega byggð. Virk þátttaka íbúanna hefur skipt sköpum, eða með orðum eins þátttakanda: „Mikilvægast! Þátttaka hreppsúa eykst, við erum minnt á hvað það skiptir miklu máli að vera í sókn“.

Vegna þessa krafts og orku íbúanna, er mannlífið auðugt, það er mikið um að vera og bjart yfir öllu. Og það skilar því að fólk er glatt og lifandi. Atvinnu- og félagslíf er gott og þá skiptir miklu að það er svo allt árið um kring, sem á orðið líka við um ferðaþjónustuna. Það ríkir samheldni meðal sveitarfélaganna á svæðinu.

Einn af þátttakendum orðaði það svo: „Auknar samgöngur á milli í öllum hreppnum. Allt þetta er að styðjast við aukinn samfélagshagnað. Öll svið samfélagsins njóta afurða og velmegunar hreppsins. Kærleikur var það sem fannst mest í gegnum þessa vegferð“. <3

Kaldrananeshreppur er svo sannarlega í blóma í þessari framtíðarsýn íbúanna, sem gerð eru nánari skil hér á eftir. Þar sem þetta eru skilaboð einstakra þátttakenda, geta þau stundum stangast á. En bregðum upp mynd af lífinu í Kaldrananeshreppi árið 2040.

Íbúum hefur fjölgað, samsetning íbúa er fjölbreyttari en áður, bæði að aldri og uppruna og hér eru fleiri börn á öllum aldri. Ef til vill hefur fjölgað um helming, eða að Kaldrananeshreppur hefur náð 250 íbúa viðmiðinu til að geta verið sjálfstætt sveitarfélag.³⁰

Fjölgun íbúa hefur haldist í hendur við **aukningu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis** og e.t.v. er orðinn til byggðakjarni sem nær lengra í átt að Bæjarfelli. Sjá má fjölda nýrra íbúðarhúsa, skóla og leikskóla og atvinnuhúsnæði sem hentar m.a. smáiðnaði og annarri fjölbreyttri starfsemi. Snyrtilegt er við iðnaðarsvæði og gámasvæði. Fólk er við öll hús að vinna í sínum áhugamálum og frekari uppbyggingu hjá sér.

Nýsköpunarhús í sjávarnytjum hefur verið tekið í notkun. Í Hveravík er komið nokkuð af húsum þar sem fólk býr allt árið. **Sumarbústaðabyggð** hefur líka vaxið og meðal annars er komin þétt sumarhúsabyggð í Bjarnarfirði. Þar eru nú vel uppbyggðir vegir og stígar þar meðfram og víðar. Öll ný byggð fellur vel að umhverfinu.

Ásýnd þorpsins á Drangnesi hefur batnað til muna, með gangstéttum, litríkum húsum og fallegum gördum.

Mannlífið er gott, lifandi og fjölbreytt. Komin eru leiktæki fyrir allan aldur og sjá má börn að leik á glæsilegu leiksvæði þar sem nóg er um að vera. Í fallegu landslagi blasir tunglið við og þarna glittir í Parísarhjól. Sundlaugarnar á svæðinu njóta mikilla vinsælda og þar iðar allt af lífi. Fólk er víða á ferli, en engu að síður ríkir friðsæld og ró.

³⁰ Bæjarins besta (2025, 15. október)

Fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist til muna og það einkennist af jafnvægi milli atvinnugreina. Því er næg atvinna í mörgum smáum fyrirtækjum og einu stóru. Sjávarútvegur er sterkur og ferðaþjónusta hefur eflst og er jafnari yfir árið. Matvara úr héraði er þekkt og vinsæl.

Mikið líf er í sjónum, á sjónum og við sjóinn og við blasir mikið líf og fallegt útsýni. **Bátar eru á sjó** og allt á fullu í öflugri fiskvinnslu. Þorskeiðaeldið er komið í fullan gang og hefur vakið verðskuldaða athygli á heimsvísu. Búið er að stækka fiskvinnsluna til að slátra þorski úr eldinu. Bátar eru að landa við höfnina, sem hefur verið bætt, svo um munar.

Kaldrananeshreppur er **ferðaþjónustuparadís** og hér er nú fjölbreytt atvinnustarfsemi í þeirri grein, enda hefur ferðamönnum fjölgað til muna og búið að bæta alla aðstöðu til ferðaþjónustu. Sjá má báta í hvalaskoðun og í fjórhjólatúrum og á veturna er vinsælt að fara í „catskiing“ þar sem skiðafólk er flutt upp til fjalla með snjótroðara og rennir sér niður svo ótroðinn snjórinna þyrlast upp. Boðið er upp á rútufærðir um svæðið og stundum renna skemmtiferðaskip að í Grímsey eða eru á Grímseyjarsundi og fólk svo ferjað á Drangsnes.

Kominn er golfvöllur milli Drangsness og Bjarnarfjarðar og menn stökkva fram af Kaldbaki á svifdreka. Veði er vinsæl **afþreying** meðal íbúa og gesta. Hver veit nema fjárhúsin á Drangsnesi hafi gengið í endurnýjun lífdaga, til fyrra horfs og notkunar.

Hér eru margir staðir sem **miðla sögu svæðisins** ásamt náttúrusýningu um lífríkið í firðinum og Náttúruskóla sem þykir til eftirbreytni. **Listalíf** er í blóma og hér eru reglulega haldnar listsýningar og sölusýningar á verkum, bæði á vegum heimafólks og aðkominna listamanna.

Í Kaldrananeshreppi slær **sterkur samfélagspúls**, sem einkennist af samstöðu og mikilli virkni í samfélaginu á hinum ýmsu sviðum. Flestallir íbúar hreppsins taka virkan þátt í félagslífi. Samfélagsmiðstöð hefur tekið til starfa og þar iðar allt af lífi og sköpun. Í öflugum félags- og menningarlífi fá öll að taka þátt á sínum forsendum. Fólk sem ekki hefur fasta búsetu í Kaldrananeshreppi, en á þar land eða sumarhús tekur virkan þátt í samfélaginu. Þetta er verðmætt því það styrkir og eflir samfélagið og eykur lífsgæði allra sem búa í hreppnum eða hafa sterk tengsl við svæðið.

Haldið er upp á 45 ára afmælishátíð **Bryggjuhátíðar**, af reisn og krafti.



Búið á Drangsnesi þjónustar íbúa og gegnir líka því hlutverki að vera notalegur samfélagsstaður, þar sem fólk hittist í kaffi, spjallar og nýtur samveru og persónulegrar næringar.

Þrátt fyrir breytingar síðustu fimmtán ára, er samfélagið í Kaldrananeshreppi ennþá gott, líflegt og blómlegt samfélag. Búið er að gera **samkomuhúsið Baldur** upp og e.t.v. byggja við það.

Pottarnir hafa verið færðir og þar er nú landfylling með góðri aðstöðu fyrir heimamenn og gesti til að njóta. Þetta baðlón er orðið sannkallað „**fjöruspa**“ og þar er nú einnig veitingahús. Til er orðinn „heilsugarður“ með aðstöðu fyrir líkamsrækt, jóga, strandblak og minigolf. Ef til vill er nú lúxus baðaðstaða undir Malarhorni sem dregur ferðamenn að. Vinsælt er að fara í sund og göngu í **Bjarnarfirði**.

Vera má að leikskólastarfið sé nú í sama húsi og grunnskólinn, en kannski er búið að breyta **skólahúsnaðinu** í rými fyrir skrifstofur og skapandi rými.


Áhersla á **sjálfbærni** hefur aukist og Kaldrananeshreppur er nú sjálfbært samfélag í mat og orku. Atvinnulífið er sjálfbært og starfar í sátt við náttúru og samfélag. Stofnuð hafa verið samvinnufélög í matvælaframleiðslu. Heita vatnið er nýtt á ýmsan hátt, svo sem við ræktun, nýsköpun og matvælaframleiðslu.

Sólarsellubók eru á flestum húsum, kominn er sólarorku garður og eingöngu eru rafmagnsbílar á svæðinu og bátar eru í vaxandi mæli knúnir með rafmagni. Gróður hefur aukist og vaxið, víða má sjá gróðursæla reiti og jafnvel kominn skógur á Drangsnesi.

Fallegt er um að litast á **Forvaðanum**.

Að lokum, með orðum eins af þátttakendunum:

„Allt samfélagið stendur saman og vinnur saman að verkefnum sem efla þorpið Drangsnis, Selströndina og Bjarnarfjörð. Íbúar Kaldrananeshrepps eru stoltir af framþróun og búið að ná 250 manna lágmarki til að vera sjálfstæður hreppur. Svæðið er eftirsóknarverðasti búsetukostur á Íslandi. Íbúum hefur fjölgað fimmfalt. Kosinn eftirsóknarverðasti áfangastaður Íslands; vetrarríki, þjóðtrúarsafn, útivistarparadís allt árið um kring, heita vatnið nýtt í heilsuefandi tilgangi. Heilsárshúsaparadís allan hringinn, Drangsnis OG Bjarnarfirði“.



15 Að lokum

Nú, þegar greint hefur verið frá þeim fjölmörgu hugmyndum sem ræddar voru á íbúðabínginu, sem markaði upphaf verkefnisins „Jú víst! Kraftur í Kaldrana“, er hér sagt frá á hvaða forsendum íbúum er boðið að borðinu í verkefninu, meðan það standur. Einnig fylgja nokkrar hugleiðingar skýrsluhöfundar.

15.1 Loforð um hlustun

Skilaboð íbúðabíngsins í Kaldrananeshreppi, ásamt stöðugreiningu verða grunnur að verkefnisáætlun til fimm ára, sem lögð verður fyrir íbúðafund til umræðu og samþykktar. Á þessu þingi, líkt og á öllum íbúðabíngum við upphaf verkefna Byggðastofnunar í *Brothættum byggðum*, er í gildi loforð um að hlusta á það sem þátttakendur hafa fram að færa. Þar er byggt á því sem kallast „stig þátttöku“.³¹



Frá fyrsta verkefni í *Brothættum byggðum*, á Rauðarhöfn, hafa verkefnin miðast við þriðja stigið, „virkja“. Þá er það sem kemur fram á þinginu nýtt til að skilgreina þá valkosti sem teknir eru til skoðunar við gerð verkefnisáætlunar.

Loforðið tekur jafnframt til þess að upplýsa þær stofnanir sem standa að baki verkefninu, þ.e. Vestfjarðastofu, Kaldrananeshrepp og Byggðastofnun, um skilaboð íbúa. Einnig að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og eftir því sem við á, stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun í sveitarfélaginu.

Markmiðið er að þegar þessir aðilar taka ákvarðanir sem varða Kaldrananeshrepp, hafi þeir upplýsingar um stöðuna og hug íbúa.

Þetta loforð gildir þau fimm ár sem unnið verður að verkefninu. Haldnir verða íbúðafundir árlega þar sem farið verður yfir árangur og stöðu og verkefnisáætlunin endurskoðuð, eftir því sem þörf krefur. Verkefninu fylgir frumkvæðissjóður, sem veitir styrki til verkefna í sveitarfélaginu, en þessi þáttur hefur reynst mikilvægur fyrir árangur í verkefnum í hinum *Brothættum byggðum*.

Íbúar Kaldrananeshrepps hafa það að miklu leyti í sínum höndum hversu miklum árangri verkefnið mun skila á næstu árum, þó svo að vissulega hafi ýmsir utanaðkomandi þættir áhrif. Íbúðabíngið einkenndist af hugmyndaauðgi og virkni, sem gefur góð fyrirheit fyrir verkefnið „Jú víst! Kraftur í Kaldrana“.

³¹ International Association for Public Participation (2024) Skilgreining alþjóðlegra samtaka um þátttöku almennings, sem ILDI starfar eftir.

15.2 Hugleiðingar

Sú er þetta skrifar hefur haft umsjón með öllum íbúáþingum í verkefnum Byggðastofnunar í *Brothættum byggðum*, til þessa. Öll eru þingin ólík, enda hvert og eitt samfélag einstakt. Það er vissara að fara varlega í að draga ályktanir um samfélög út frá tveggja daga samveru með hluta íbúanna en hér skal þó velt upp nokkrum hugleiðingum.

Í umræðum á þinginu endurspegladist vel að þarfir og hagsmunir innan sveitarfélagsins eru ólíkir milli þorpsins á Drangnesi og byggðarinnar í Bjarnarfirði og m.a. gerðu grunnskólabörn greinarmun á þessum tveimur svæðum, í sínum umræðum. Ekki verður annað séð en að afraksturinn frá þinginu endurspegli upplýsingar og hugmyndir fyrir bæði svæðin í ágætu jafnvægi.

Eins og fram kom í þriðja kafla um forgangsöröðun, rataði *Húsnæði*, efst á lista þátttakenda, en þar var fjallað mjög vítt um húsnæði og aðstöðu. Þegar taldir eru saman punktar sem varða atvinnusköpun af einhverju tagi, eru flestir punktar þar. Mikil og lífleg umræða varð um *Samfélag*, sem varð þó lægst í forgangsöröðuninni, ásamt skjólbeltum. Þetta vekur ákveðnar spurningar um vilja og áherslur íbúa og hefur forgangsöröðunin oft gefið skýrari skilaboð á fyrri íbúáþingum í *Brothættum byggðum*.

Í fámennum samfélögum eru oft fáir sem bera mikið, í samfélagslegri virkni. Á þinginu stungu nítján þátttakendur upp á umræðuefnum og flestir stungu upp á einu til tveimur málefnum. Af þessum hópi voru sjö þátttakendur mun virkari og stungu upp á allt frá fjórum til níu málefnum. Það vekur þá spurningu hvort virki hópurinn í Kaldrananeshreppi sé mjög virkur en fámennur. Ef svo er gæti það verið æskilegt að auka breiddina í þátttöku íbúanna í gegnum verkefnið, til að dreifa álagi og auka valdeflingu.

Að lokum, er íbúum og öllum þeim sem tengjast Kaldrananeshreppi óskað góðs gengis við að skapa sóknarfæri sem byggjast á dýrmætum auðlindum og miklum mannauði og að virkja „Kraftinn í Kaldrana“.



16 Heimildir

Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 – 2030. Sótt 10. október 2025 af

<https://drangsnes.is/adalskipulag-kaldrananeshrepps>

Alþingi.is (2013, 10. apríl). *Lög um náttúruvernd nr. 60/2013*. Sótt 10. nóvember 2025 af

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Bokashi Living.com (e.d.). *The Easy and Clean Way to Compost*. Sótt 20. október 2025 af <https://bokashiliving.com/>

Bryggjuhátíð á Drangsnesi (e.d.). *Facebook*. Sótt 29. október 2025 af

https://www.facebook.com/bryggjuhatiddrangnesi/?locale=is_IS

Byggðastofnun.is (e.d.). Brothættar byggðir – verkefnislýsing. Sótt 7. nóvember af

<https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/verkefnalysing>

Bæjarins besta.is (2025, 15. október). *Mótmæla þvingaðri sameiningu fámennra sveitarfélaga*. Sótt 16. október af

<https://bb.is/2025/10/motmaela-thvingadri-sameiningu-famennra-sveitarfelaga/>

Cape Clear Storytelling Festival.com (e.d.). *The Cape Clear International Storytelling Festival*. Sótt 13. október af

<https://capeclearstorytelling.com/>

CBDRVK.is (e.d.). *Kraftur náttúrunnar í hverjum dropa*. Sótt 10. nóvember 2025 af

https://www.cbdrvk.is/?gad_source=1&gad_campaignid=13974159516&gbraid=0AAAAABPGPcTyLQhfz3sNgL76-UmIRLU-x&gclid=CjwKCAiAt8bIBhBpEiwAzH1w6cLMWbxq5PtpRmf80rfYTm_to_StnzP5_WCV9IhRT08T9nhjiw1kRoCbOEQAvD_BwE

Fiskifréttir (2010, 6. september). *Stofnfundur Grásleppuseturs Stranda*. Sótt 20. október 2025 af

<https://fiskifrattir.vb.is/stofnfundur-grasleppuseturs-stranda/>

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða (e.d.). *Ferðamálastofa*. Sótt 29. október 2025 af

<https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasjodur-ferdamannastada>

Geocaching.com (e.d.). *Geocaching*. Sótt 14. október 2025 af <https://www.geocaching.com/play>

Ísland.is (2023, 22. júní). *Lög um Land og skóg nr. 66/2023*. Sótt 9. október 2025 af

<https://island.is/s/land-og-skogur/log>

Ísland.is (e.d.). *Land og skógur/skjólbeltarækt á lögbýlum*. Sótt 9. október 2025 af

<https://island.is/s/land-og-skogur/skjolbeltaraekt-a-loegbylum>

Ísland.is (2024, 7. febrúar). *Stjórnartíðindi. Reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna*. Sótt 10. október 2025 af

<https://island.is/stjornartidindi/nr/ed499932-c1d3-4663-aad2-9a44007acffa>

Kubalubra.is (e.d.). *Kombucha Iceland*. Sótt 20. október 2025 af <https://kubalubra.is/is/>

Landssamtök eigenda sjávarjarða (e.d.) *Hvað eru netlög?* Sótt 10. nóvember 2025 af <https://www.ses.is/hvad-eru-netlog/>

Morgunblaðið (2025, 31. mars). *Óvænt frumvarp um grásleppuveiðar tekið fyrir.* Sótt 15. október 2025 af https://www.mbl.is/200milur/frettir/2025/03/31/ovaent_frumvarp_um_grasleppuveidar_tekid_fyrir/

Morgunblaðið (2025, 4. október). *Áhyggjur af framtíð línuútgerðar smábáta.* Sótt 15. október 2025 af https://www.mbl.is/200milur/frettir/2025/10/04/ahyggjur_af_framtid_linuutgerdar_smabata/

Open Space World.org (e.d.) *Open Space World; inviting faster, easier organization – everywhere.* Sótt 10. október af <https://openspaceworld.org/wp2/>

Pokasjóður.is (e.d.). *Pokasjóður.* Sótt 9. október 2025 af <https://pokasjodur.is/>

Sauðfjársetur á Ströndum (2025). *Náttúrubarnaskólinn.* Sótt 14. október 2025 af <https://saudfjarsetur.is/natturubarnaskolinn/>

Sorpa.is (e.d.). *Molta úr matarleifunum þínum!* Sótt 20. október af <https://www.sorpa.is/gaja/>

Sýslið.is (2021). *Sýslið, verkstöð.* Sótt 14. október 2025 af <https://syslid.is/>

Treenetcollective.com (e.d.) *Treenet Collective.* Sótt 10. október 2025 af <https://www.treenetcollective.com/>

Valgeir Jens Guðmundsson (2025, 10. október). Símtal um ýmis atvinnutækifæri í Kaldrananeshreppi.

Watsu.com (e.d.) *Watsu.* Sótt 11. október 2025 af <https://www.watsu.com/>

Wikipedia (e.d.). *Effective Microorganism.* Sótt 20. október 2025 af https://en.wikipedia.org/wiki/Effective_microorganism

Wikipedia (e.d.) *Jakobsvegurinn.* Sótt 16. október 2025 af <https://is.wikipedia.org/wiki/Jakobsvegurinn>

Wikipedia (e.d.) *Sjálfbær þróun.* Sótt 20. október 2025 af https://is.wikipedia.org/wiki/Sj%C3%A1lfb%C3%A6r_%C3%BEr%C3%B3un

17 Viðauki I - umræðuefni

Hér fer á eftir listi yfir þau umræðuefni sem stungið var upp á, á íbúabínginu, en tillögurnar voru óvenju margar, miðað við sambærileg þing og margar þeirra mjög ítarlegar. Þær gefa því ágætt yfirlit um það sem íbúar Kaldrananeshrepps vilja leggja áherslu á, þegar virkja skal kraftinn í sveitarfélaginu.

Aðstaða til eflingar

- Húsnæði
- Iðnaðarrými, starfsemi, geymsla, afþreying
- Sköpunarrými – open office space
- Hesthús
- Fyrirtæki og atvinna – líka á veturna
- Smástarfsemi/atvinnurekstur; stuðningur, félagsstarf samstarf
- Endurnýting – up-cycling, efnisveita

Ásýnd til sóma

- Ásýnd þorpsins og sveitarfélagsins í heild, t.d. Bjarnarfirði
- Skjólbeltarækt til að draga úr vindi, mynda skjól
- Snjósöfnun í byggð stjórnað með skjólbeltum
- Listaverk í Kaldrananeshreppi
- Leik- og útisvæði fyrir börn, Drangsnes og Bjarnarfjörður
- Leikvöllur
- Útsýnissvæði yfir bryggjuna

Sjálfbærni til framtíðar

- Heitt vatn
- Fjölbreyttari nýting á heita vatninu
- Orkunýting – sól, vindur
- Matvælaframleiðsla – möguleikar í matvælaframleiðslu, atvinnumöguleikar og samfélagsleg áhrif
- Gróðurhús, ræktunarmöguleikar. Samfélags eða bara framleiðsla einkaaðila

Heilsa og vellíðan

- Sjósund – „Kneipp“ í sjó
- Efla heitu pottana
- Heilsa íbúa og gesta – ferðamennska, hreyfing, vellíðan, íþróttakennsla

Sagan er auðlind

- Saga svæðisins – vinna með, safna og miðla, sýning, safn. Útgerð, grásleppa, ábúðarsagan
- Sögusetur þar sem farið er yfir sögu Drangsness
- Þjóðsögumiðstöð – álfar, tröll og fleira
- Storytelling festival, alþjóðlegt. Tengt þjóðsögum/göldrum og allskonar
- Sagna- og upplýsingaskilti um sögu húsa og staða í þorpinu og nágrenni
- Merkja hús sem hafa heiti – kannski getur Sýslið boðið góð kjör á slíkum skiltum
- Fornleifauppgröftur eflur – Grímsey, Bjarnarnes, Hveravík í Bjarnarfirði

Áfangastaður til fyrirmyndar

- Ferðaþjónusta
- Náttúrutengd ferðaþjónusta/fræðasamfélag
- Neshringurinn – markaðssetning alls þess sem í boði er
- Afþreying – vetur/sumar
- Fjórhjólátúrar og efla hótelin á svæðinu
- Merkja veiðisvæði í ám og vötnum betur
- Gönguleiðir innan sem utan bæjar
- Gönguleiðakort – vefur, GPS leiðir
- Ferðamannakort af öllu svæðinu og tiltekin svæði innan þess

Greiðar leiðir

- Vetrarþjónusta á Bjarnarfjarðarhálsi – skólaakstur, hótélrekstur og gisting
- Almenningsgöngur milli byggðarlaga á Ströndum
- Efla samfélagsmiðla veru hreppsins
- Bjóða upp á netföng tengd svæðinu, t.d. gulli@drangsnes.is

Gjafir lands og sjávar

- Landeigenda möguleikar – kynningar á möguleikum í landnýtingu, heimavirkjanir/örvirkjanir, landbúnaður, landgræðsla, skógrækt
- Efling sjávarútvegs – móta stefnu í eflingu sjávarútvegs og nýtingar sjávarauðlinda og fiskeldi
- Landeldi á laxi
- Malarhorn – fjara, bjarg, nýting

Samfélag fyrir öll

- Forvaðinn – hús – samfélagsmiðstöð – útsýni – all-in-one
- Kaffihús – samfélagsmiðstöð, sköpunarrými all-in-one
- Inngilding – erlendir íbúar/nýbúar, inngilding, efling
- Inngilding og efling ungs fólks
- Ungt fólk – rafíþróttir, listastarf, aðstaða
- Einmana fólk – námskeið, tengslamyndun, ný leið til að kynnast fólki
- Knæpa – afþreying um helgar
- Sumarbústaðafólk – virkja sumarbústaðafólk, sem margir vilja taka þátt í menningu og verkefnum svæðisins

18 Viðauki II - Drangsnesbragurinn

Sagan af tilurð Drangsnesbragsins er eitthvað á þá leið að hann hafi komið frá Hólmvíkingum í því skyni að hæða íbúa Kaldrananeshrepps. En þar sneru menn ádeilunni sér í vil og gerðu að „þjóðsöng“.

Nú er veturinn vikinn okkur frá,
þótt vorið gangi fremur hægt að sjá
alltaf sami seiglugarðurinn,
á sjóinn gefur illa kallinn minn.

Þá reynum við rúbertu
ef rokið ei lægir
og hljótum ef hægir
og Hólmvíkingar sjást
að látast þá við þjóðin fara að fást,
ég held það væri alla vega skást.

Ef gerði logn og góðviðri um stund,
það gæti slysast í þrjúhundruð pund.
Það er ei hægt að heimta meir en það
af h.f. útgerðinni - eða hvað?

Með bráðlekan byrðinginn
og bjagaðan kompás
og ónýtan einhvern lás
og allt í hönk þar um.
Það lagast allt - já allt með tímanum
og einna helst í Drangsnes símanum.

Höfundur ljóðs og lags: Ingimundur Jörundsson, frá Hellu. Fenginn af vef Kaldrananeshrepps, drangsnes.is